

Kennari:
Ásdís Guttormsdóttir
Sindri Þór Guðmundsson

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla inn í bekk

Tímafjöldi:
2 kennslustundir

Bekkur:
6. bekkur

Lykilhæfni

Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Menntagildi lykilhæfni felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi og getu til að nýta sér styrkleika sína til áframhaldandi náms og starfsþróunar þegar þar að kemur. Með því að skilgreina hæfniviðmið í lykilhæfni í öllu námi frá upphafi skólagöngu er lagður grunnur að alhliða þroska nemenda. Hæfni til tjáningar, gagnrýnnar hugsunar, hæfni til samstarfs við aðra, sjálfspækkingar, ábyrgðar og sjálfstæðis, frumkvæðis og skapandi hugsunar eru meðal þeirra þátta sem leggja grunn að heildstæðri almennri menntun alla ævi.

Lykilhæfninámskráin skiptist því í eftirfarandi flokka:

Hugarfrelsi, lífsleikni, námshæfni og talað mál, hlustun og áhorf.

Lykilhæfni

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Hugarfrelsi	Hugarfrelsi	<ul style="list-style-type: none">– geti tileinkað sér þá slökunartækni og hugleiðslu.– geti nýtt öndun við ólíkar aðstæður.– sé meðvitaður um styrkleika sína.– sé meðvitaður um mikilvægi þess að taka leiðsögn.– geti lýst margvíslegum tilfinningum og átti sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.– þekki mikilvægi þess að velja jákvæða hugsun.– geti greint einkenni góðrar vináttu.– geti iðkað þakklæti og gefið dæmi um þakkarefni í lífi sínu.	Hlustun Hugleiðsla Öndunaræfingar Sjálfstyrkingar- æfingar Jógaæfingar Leikir Núvitund

Lífsleikni		– geti tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.	
Félagsfærni		– geti rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.	
Samskipti	Verkfærakista	– geti metið og brugðist við ólíkum skoðunum.	Daglegt starf
Sjálfsmynd	KVAN	– geti metið jákvæð og neikvæð áhrif áreita í umhverfi sínu.	Hópavinna
Styrkleikar	Hópefli	– þekki mikilvægi þess að bera virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.	Einstaklingsverkefni
Jákvæð hugsun	Efni á netinu	– geti rætt reglur um samskipti og tekið þátt í að setja leikreglur.	Samtöl
Þakklæti	Myndbönd	– geti sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum.	Umræða
Andleg vellíðan		– geti sýnt öðrum tillitssemi og umhyggju.	Lestur
Samkennd		– geti kynnst jafnrétti og mannréttindum í samfélaginu.	Leikir
		– geti gert grein fyrir muninum á jákvæðum og neikvæðum leiðtogum.	
		– þekki hugtakið sjálfsmynd og mikilvægi hennar.	
		– geti unnið með öðrum.	
		– geti tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum.	
Námshæfni		– geti notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám.	Innlögn
		– geti notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.	Einstaklingsverkefni
		– geti beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.	Samtöl
		– geti tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.	Hópavinna
		– geti beitt sjálfsmati á námi sínu með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur.	Sjálfsmat
		– geti tengt ný viðfangsefni við eigin reynslu og þekkingu.	
		– geti nýtt sér orðabækur eða veforðasöfn.	
		– geti nýtt sér leiðréttingarforrit.	
		– geti nýtt sér leitarvélar.	
		– geti lært af mistökum.	
		– geti greint milli staðreynda og skoðana.	

		<ul style="list-style-type: none"> – geri sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólstarfi og hagað námi sínu í samræmi við það. – geti sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. 	
Talað mál, hlustun og áhorf		<ul style="list-style-type: none"> – geti tjáð sig skýrt og áheyrilega. – geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda. – geti tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. – geti hlustað af athygli – geti hlustað á og farið eftir munnlegum fyrirmælum. – geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. 	Umræður Hlustun Daglegt starf Sjálfstyrkingaræfingar
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér fyrir neðan.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága